

Gildasósíalisminn og félagshyggjan á Bretlandi.*

Kapítalisminn eða auðvaldskerfið eins og þetta hagkerfi er gjarnan kallað á sér stutta sögu og hefur raunar aldrei fengið að þróast til langframa í sinni hreinustu mynd. Í raun voru það aðeins 30 ára tímabil milli 1840 og 1870 (J. Grey 1999: 14). Sú mynd sem Adam Smith dró upp af þessu hagkerfi í bók sinni **Auðlegð þjóðanna** lýsti aðeins mjög einföldu markaðskerfi sem til staðar var á 18. öld á Bretlandi. Þeir markaðir sem hann lýsti voru markaðir lítilla þorpa þar sem bændur og smáframleiðendur komu með vörur sínar og framboð og eftirspurn voru sagðar ráðast í ópersónulegum viðskiptum kaupenda og seljenda. Meginhugsun Smith var að óhindruð samkeppni milli allra aðila á markaðnum myndi tryggja að verð yrði í lágmarki og um leið allur framleiðslukostnaður en það myndi tryggja hámarksafköst kerfisins til lengri tíma. Smith gaf sér líka að samkeppnin myndi leiða til þess að jöfnuður í tekjum ríkti og þar af leiðandi samfélagsleg sátt, réttlæti og lög og regla.

Hugmyndir Adam Smith voru óraunsæjar og raunar þróaðist hagkerfi og samfélag kapítalismans hratt í aðra átt en Smith hugsaði sér. Verksmiðjurekstur tók við af handverkstæðum og smáidnaði og fákeppni tók við af samkeppni milli smárra vöruframþjóðenda. Tekjuskipting varð ójöfn og mikið harðræði ríkti í verksmiðjum sem byggðu á löngum vinnutíma barna og kvenna ekki síður en karla. Örbirgð var mikil í verksmiðjubæjunum um það leiti sem Smith gaf út bók sína og gagnrýni á samfélagslegt óréttlæti sem fylgdi í kjölfar iðn- og borgvæðingar fór vaxandi meðal yfirstéttar og menntamanna. Í kjölfarið voru sett lög til verndar verkafólki og ríkisvaldið fór smám saman að reka skóla og lágmarks velferðarþjónustu.

Síðferðileg gagnrýni á óréttlætið sem ríkti var undanfari sósíalískrar gagnrýni á kapítalismann og baráttuhreyfinga gegn auðvaldskerfinu. Orðin “sósíalisti” og “sósíalismi” sáu ekki dagsins ljós fyrr en 1803 þegar þau birtust á prenti á Ítalíu. Merking þeirra var ekkert skyld þeirri merkingu sem þau hafa í dag. Eftir 1803 birtist orðið sósíalisti ekki á prenti fyrr en 1827, en það var í riti fylgismanna Roberts Owens **Cooperative magazine**. Í því vísaði orðið “sósíalisti” til þeirra sem aðhyllast samvinnukenningar Owens. Fyrsta sinn sem orðið “sósíalismi” birtist á prenti svo vitað sé eftir 1803 var 1832 í hinu franska tímariti fylgismanna Saint-Simon í

* Ritun þessarar greinar hófst snemma árs 2007. Henni er ekki lokið. Athugasemdir eru vel þegnar og sendist á netfangið ivarjo@bok.hi.is.

Frakklandi, **Le Globe**. “Sósíalismi” var notað til að aðgreina kenningar Saint-Simon frá öðrum samfélagskenningum. “Sósíalismi” fékk síðan víðari merkingu í skrifum manna á fjórða áratug 19. aldar og var notað yfir hópa sem áttu það sameiginlegt að stefna að nýrri og annars konar samfélagsgerð en þeirri sem ríkjandi var og sem skyldi byggja á mannréttindum í félagslegum og efnahagslegum skilningi. Eftir þetta voru orðin “sósíalisti” og ”sósíalismi” algeng í samfélagsumræðunni í Frakklandi og á Bretlandi og breiddust út til Þýskalands og fleiri landa Evrópu auk Bandaríkjanna (G.D.H. Cole 1955: 1-2).

Orðin “sósíalisti” og “sósíalismi” eru mynduð af orðstofninum “social-” eða “félags-“ en hann endurspeglar þá hugsun að hið félagslega í samskiptum manna sé mikilvægur grundvallarþáttur í samfélagsgerðinni. Hið félagslega í samskiptum manna var skoðuð sem andstæða hins einstaklingsbundna og lögð var áhersla á að þróun samfélagsins í anda þeirrar mannréttindahyggju sem franska byltingin 1789 hratt af stað yrði ekki að veruleika nema með því að rækta hið félagslega í samskiptum manna. Áherslan var á það að samfélagið yrði að þróast sem **félagskerfi** er væri valkostur við hið kapítalíska samfélagskerfi sem aðeins tekur tillit til efnahagslegra eiginhagsmuna einstaklinganna.

Það voru einkum þrjár hreyfingar sem talað var um sem hreyfingar sósíalista, þ.e. hreyfingar Saint-Simonista og Fourierista í Frakklandi og Owenista á Bretlandi, en þeir síðastnefndu kölluðu sig sósíalista frá og með árinu 1841. Þessar þrjár hreyfingar áttu margt sameiginlegt en voru ólíkar að mörgu leiti. Þær áttu það allar þrjár sameiginlegt að líta svo á að félagsleg vandamál væru þau vandamál sem mikilvægast væri að leysa í samfélaginu og það brynni mest á velviljuðum einstaklingum að finna þær lausnir sem dygðu. Hreyfingarnar voru einnig sammála um að það væri útilokað að leysa félagsleg vandamál innan ramma núverandi samfélags sem byggði á samkeppni milli manna sem forsendu lífsviðurværis þeirra. Jafnframt áttu fylgismenn hreyfinganna það sameiginlegt að treysta ekki stjórnámálamönnum, ráðherrum eða kjörnum fulltrúum á þjóðþingum fyrir að leysa félagsleg vandamál samfélagsins. “Framleiðendunum” sjálfum er aðeins treystandi fyrir félagsmálunum og ef þeim tækist að skipuleggja efnahags- og félagsmál samfélagsins almennilega myndi stjórnálakerfið og stjórnskipan samtímans brátt verða úrelt. Framleiðendurnir myndu jafnframt koma á friði og samvinnu meðal þjóða en hún myndi koma í veg fyrir átök milli heimsveldanna. Stjórnámál og félagsmál voru

þannig álitin vera andstæður sem menn yrðu að afnema með því að skipuleggja félagsmálin þannig að stjórnsmál og stjórnsmálakerfið yrði óþarft.¹

En það var margt sem einnig var ólíkt með afstöðu hreyfinga sósíalístanna. Fourieristarnir og Owenistarnir stofnuðu sérstök samfélög til að gera kenningar sínar að veruleika. Þeir trúðu því að þeim tækist á friðsamlegan hátt og án byltinga að stofna samfélög sem myndu hafa algera yfirburði hvað varðar velferð og mannsæmandi lífskjör samanborið við ríkjandi samfélagsskipan. Saint-Simonistarnir höfðu gjörólíka afstöðu til stjórnsmála og ríkisvaldsins. Þeir vildu ná undir sig ríkisvaldinu með stjórnsmálastarfsemi og beita því síðan til að koma á samfélagskerfi sem byggði á því að stofnunum þjóðríkisins yrði breytt í stóriðju sem yrði stýrt með vísindalegri áætlanagerð af vísindamönnum. Ríkin sem þannig yrðu rekin sem stóreflis verksmiðjur myndu síðan mynda samband sín á milli og það yrði grunnur að alþjóðlegri efnahags- og félagsþróun. Fourieristarnir sáu fyrir sér samfélagsþróun sem eflði landbúnaðarframleiðslu en iðnaður og viðskipti myndu leika léttvægt hlutverk. Ólíkt Fourieristunum lögðu Owenistarnir áherslu á mikilvægi iðnvæðingar og iðnbyltingarinnar en vildu að jafnvægi milli landbúnaðar og iðnaðar yrði tryggt í iðnvæðingarferlinu. Saint-Simonistar lögðu áherslu á stórkostleg verkfræðileg verkefni eins og að grafa skipastiga, vatnsveitur, vega- og járnbrautalagningu og bankakerfið yrði skipulagt þannig að það gæti fjármagnað stóriðjuþróunina (sama 3-4).

Þrátt fyrir að munur væri á áherslum sósíalístahreyfinganna þriggja voru þær í hugum manna nægilega líkar til að vera allar kallaðar sósíalískar. Þær voru allar andvígar kerfi hins frjálsa markaðar (laissez-faire) og töldu að félags- og efnahagskerfið yrði að skipuleggja með sameiginlegum eða samrænum (collective) hætti og að það yrði að skipuleggja á grundvelli samvinnu en ekki samkeppni.

Þessar þrjár hreyfingar sósíalísta voru gjarnan kallaðar “draumsýnar sósíalistar” (utopian socialists) en það var franskur hagfræðingurinn Jerome Blanqui, lærisveinn frjálshyggjumannsins Jean-Baptiste Say, sem gaf þeim þetta heiti. Það voru svo Marx og Engels sem með riti sínu Kommúnistaávarpið festu þetta heiti varanlega í sessi.

Eins og kemur fram hér að ofan vísaði orðið sósíalismi í upphafi til þeirrar hugmyndar að menn skipulegðu sameiginlega starf sitt og athafnir í samfélaginu á

¹ Sömu hugsun má lesa í ritgerð K. Marx (1843) **Gagnrýni á réttarheimspeki Hegels**, <http://marxists.org/archive/marx/works/1843/critique-hpr/index.htm>

grundvelli samvinnu með það að markmiði að hámarka hamingju og velferð allra. Áherslan var ekki á stjórnmalabaráttu heldur framleiðsluna og dreifingu auðsins. Andleg velferð ekki síður en efnaleg var sósíalístunum mikilvæg og því lögðu þeir mikla áherslu á almenna upplýsingu og menntun almennings.

Þessi markmið voru ekki einskorðuð við útópísku sósíalístana en það sem greindi þá frá öðrum var leiðin að markmiðunum. Þeir lögðu mikla áherslu á jákvætt hlutverk menntamanna, yfirstéttar og borgarastéttar í að koma á breytingunum. Þeir börðust ekki fyrir afnámi einkaeignar á framleiðslutækjunum en reyndu þess í stað að fá eignumenn til að taka þátt í að stofna samfélög samvinnu og réttlætis. Það var ekkert rými fyrir stéttabaráttu í ritum þeirra og orðræðu og enn síður sú hugmynd að samfélagsbylting öreiganna væri nauðsynleg til að afnema arðrán kapítalista á verkafólki. Það var e.t.v. ekki nema von að slík framtíðarsýn fyndist ekki í skrifum þeirra því á þeirra tímum var verkalýðsstéttin varla til og andstæður samfélagsins voru skarpastar milli smábænda og landeiganda, þ.e. forréttindastéttar aðalsins.

Það er þó ekki svo að kenningar um stéttastríð hafi ekki verið til á tímum útópísku sósíalístanna. Stéttastríðskenning Gracchus Babeuf var komin fram áður en orðið “sósíalísti” var almennt notað í umræðunni. Kenning Babeuf birtist í riti sem hann skrifaði í miðri frönsku byltingunni, **Conspiration des Égaux** frá 1796. “Babeufismi” varð ekki eiginleg hreyfing í Frakklandi heldur hafði hún áhrif á margvíslegar róttækar hreyfingar á vinstri kantinum. Babeufísk sjónarmið urðu þó ekki áhrifamikil fyrr en með byltingunni 1830, þ.e. á fjórða og fimmta áratug 19. aldar, en orðið “öreigi” var einkum kennt við Babeufismann. En það voru hugmyndirnar um stéttastríð sem aðgreindi útópísku sósíalístana frá öðrum sósíalískum hreyfingum (sama: 5-6).



Gracchus Babeuf

Orðið “kommúnismi” var einnig orð sem líkt og öreigar og stéttastríð náði mikilli útbreiðslu meðal róttæklinga eftir byltinguna 1830. Orðið er einkum tengt leynilegum byltingarfélögum Parísar á fjórða áratugnum og varð algengt í umræðunni á þeim árum, sérstaklega með skírskotun í kenningar Étienne Cabet um skipulag smárra sjálfstjórnarsamfélaga eða “kommúna” (sama: 7). Cabet dvaldi í útlegð á Bretlandi 1849 og var undir áhrifum kenninga Roberts Owen þegar hann skrifað bókina **Voyage en Icarie** (1842) sem varð afar vinsæl og seldist í um 400 þúsund eintökum (E. Cabet 1842a, 1842b og 1843). Kommúna Icarista, þ.e. fylgismanna Cabets, var stofnuð í Nauvoo í Illinoi-fylki í Bandaríkjunum 1849, en í henni bjuggu um 500 manns þegar mest var.



Étienne Cabet

Kommúnismi hefur tvær merkingar. Meðal Frakka vísar kommúnismi til þeirrar hugmyndar að samfélagið skuli skipuleggja sem sjálfstjórnarsamfélag sem í stærra samhengi myndar með öðrum sjálfstjórnarsamfélögum sameiginlegt sambandsríki frjálsra kommúna. Í kommúnunum er sameign ríkjandi í stað einkaeignar á framleiðslutækjum og afurðum framleiðslunnar. Þessi skilningur á kommúnisma er í anda Cabet og Icarista. Önnur merking orðsins kommúnismi vísar til neðanjarðarhreyfinga róttækra vinstrimanna og útlægra byltingarsinna sem stofnuðu Bandalag kommúnista 1847 en þessi skilningur á orðinu kommúnismi styrktist mjög við útgáfu **Kommúnistaávarpsins** sem Marx og Engels skrifuðu fyrir Bandalagið og var gefið út 1848 (Ívar Jónsson 2008: 12-14). Félagarnir í Bandalaginu notuðu orðið kommúnisti markvisst til að aðgreina sig frá útópísku sósíalistunum. Þeir lögðu áherslu á sósíalíska baráttu sem stéttastríð og byltingarstarfsemi og að kenningar Marx og Engels um sögulega efnishyggju lögju til grundvallar baráttunni.

Það var í Kommúnistaávarpinu sem þessi söguskoðun var birt fyrst (G.D.H. Cole 1955: 7-8).

Rangt væri að fullyrða að sósíalismi og sósíalískar hugmyndir hafi ekki verið til fyrir daga útópísku sósíalístanu. Ýmsir sósíalístanu sóttu hugmyndir í **Lýðveldið** eftir forngríska heimspekinginn Plato. Jesú sýndi ýmsa sósíalíska tilburði sem greint er frá í Biblíunni og frumkristnir söfnuðir skipulögðu samfélög sín í anda “neyslukommúnisma” þannig að tekjur og eignir meðlimanna voru sameign þeirra (G. Gunnarson 1973: 107-130). Klausturhreyfingar kaþólsku kirkjunnar á miðöldum voru einnig skipulögð á kommúnískan hátt. Thomas Moore skrifaði bókina **Utopia** 1515 og gaf hana út ári síðar. Ítalski munkurinn Tommaso Campanella skrifaði bókina **Sólarborgin** (*La città del Sole*) 1602 og endurskrifaði hana 1613-14 en hún var gefin út í Frankfurt 1623. Á 18. öld voru birt ýmis rit sem höfðu áhrif á hugsun sósíalísta 19. aldar. Sem dæmi má nefna **Testament** eftir Jean Meslier frá 1729. Jean Jacques Rousseau gaf út bók sína **Ritgerð um upphaf ójafnréttis** (*Discours sur l’origine de l’inégalité*) 1754 og **Samfélagssáttmálann** (*Du contrat social*) 1762. Robert Owen sótti hugmyndir í smiðju rit kvekarans John Bellers **Colledges of Industry** (1695) sem Owen endurprentaði og gaf út 1818. Svona mætti lengi telja en til að aðgreina fyrri hugmyndsmiði og sósíalísma frá þeim hreyfingum og stefnum sem enn eru til og hafa mótað hreyfingar sósíalísta í nútímanum þarf að skoða hinar fyrri sem hluta af samfélagi sem gaf lítið tilefni til samfélagspróunar í anda sósíalísma á meðan hreyfingar útópískra sósíalísta og þeirra sem síðar komu höfðu mótandi áhrif á samfélagspróunina. Það var franska byltingin sem kom þessu ferli af stað en hún opnaði flóðgáttir byltinga á sviði félags- og stjórnmála, iðnvæðingar og umbóta í landbúnaði (G.D.H. Cole 1955: 10).

Fjórar meginstefnur sósíalísmans

Frá og með frönsku byltingunni verður stéttastríð hornsteinn í hugmyndafræði sósíalísta. Þó svo hreyfingar útópísku sósíalístanu lifi áfram verður vægi þeirra í samfélagspróuninni lítið miðað við þær hreyfingar sem byggja sína hugmyndafræði og baráttu á stéttastríði. Hreyfingar draumsýnar sósíalístanu voru fámennar og markmið þeirra voru f.o.f. siðferðileg, þ.e. að hámarka hamingju manna og réttlæti í samfélaginu. Markmið þeirra var ekki að afnema stéttasamfélag sem byggði á einkaeign á framleiðslutækjunum. Með aukinni iðnvæðingu og borgarvæðingu færir þungamiðja andstæðna í samfélaginu frá átökum milli smábænda og landeigenda og

til átaka milli verkafólks og atvinnurekenda. Í vaxandi mæli líta sósíalistar svo á að samfélagið sé að umhverfast í stéttasamfélag sem einkennist af vaxandi bili milli fátækra verkamanna eða öreiga og ríkra atvinnurekenda.

Hugmyndin um öreigastéttina sem byltingarafl var fyrst sett fram af Gracchus Babeuf. Allar mikilvægustu hreyfingar sósíalista á 19. öld gengu út frá því að stéttabaráttu væri óhjákvæmileg í kapitalismanum en aðstæður voru mismunandi í löndum Evrópu með tilliti til hversu langt iðnvæðing og borgamyndun var komin, hversu öflugar verkalýðshreyfingarnar voru og hversu öflugar alræðisstjórnir voru og um leið að hve miklu leyti mannréttindi voru viðurkennd. Af þessum sökum þróuðust fjórar megin hefðir sósíalista sem höfðu ólíka afstöðu til ríkisvaldsins og baráttuleiða sósíalista. Í Frakklandi var verkalýðshreyfingin öflugri en annarsstaðar í Evrópu á 19. öld en ríkisvald var þar öflugt og einkenndist á tímabilum af mikilli harðstjórn. Í Frakklandi festu anarkískar og syndikalískar hreyfingar rötum. Í Þýskalandi og Rússlandi var harðstjórn stöðug, iðnvæðing fór seinna af stað en í Frakklandi og á Bretlandi og verkalýðshreyfing var veik. Í þessum löndum og raunar einnig á Norðurlöndum voru hreyfingar sósíalista undir miklum áhrifum af byltingarsinnuðum marxisma. Á Bretlandi voru mannréttindi meira virt en annars staðar og umburðarlyndi meira en í öðrum löndum. Iðnvæðing var lengst komin á Bretlandi. Stóriðja og verksmiðjuviðnaður þróaðist þar fyrr en annars staðar og undir lok 19. aldar var geiri smáfyrirtækja orðinn mun stærri en annars staðar. Stétt smáborgara var því öflugri þar en í öðrum löndum. Bretland státaði af að vera öflugasta nýlenduveldið. Þar var verkalýðshreyfingin öflug. Hreyfing sósíalista var undir litlum sem engum áhrifum af marxisma á 19. öld en Georgeismi og samvinnuhreyfing var öflug. Í Bandaríkjunum var iðnvæðing stutt á veg komin og verkalýðshreyfing var þar veik. Umburðarlyndi var hlutfallslega mikið og sósíalistahreyfingar voru undir litlum áhrifum frá marxisma en syndikalismi var þar öflugur um tíma en hann féll vel að þeirri hefð sem var í Bandaríkjunum fyrir sjálfstjórnarsvæðum og federalisma. Myndin hér að neðan dregur fram meginrættina í ólíkum aðstæðum hreyfinga félagshyggjufólks á mismundi svæðum Vesturlanda.

Sósíalístahreyfingar á 19. öld

	Harðstjórn		
		Mikil	Hlutfallslega lítil
Verkalýðshreyfing	Veik	<i>Pýskaland og Rússland:</i> Marxismi öflugur	<i>Bandaríkin:</i> Marxismi veikur Syndikalismi öflugur um tíma. Georgeismi, samvinnuhreyfing öflug
	Sterk	<i>Frakkland:</i> Marxismi veikur Syndikalismi og Anarkismi öflugir	<i>Bretland:</i> Marxismi veikur Georgeismi, “móralismi” og samvinnuhreyfing öflug

Sósíalisminn á Bretlandi

Hreyfingar sósíalista á Bretlandi voru fjölbreytilegar á 19. öld. Ýmsar sósíalískar hreyfingar útlaga af meginlandi Evrópu voru stofnaðar. Meðal þeirra var Kommúnistabandalagið sem Karl Marx gekk í 1847, hreyfingin var fámenn og nánast óþekkt á Bretlandi en hún beindi kröftum sínum einkum að stuðningi við og þátttöku í byltingarstarfi á meginlandi Evrópu (Ívar Jónsson 2008: 13). Þessar smáhreyfingar eða klúbbar efdust mjög eftir fall Parísar kommúnunnar 1870 (G.D.H. Cole 1954: 379). Nokkru síðar eða á sjöunda og áttunda áratug aldarinnar varð hreyfing kristinna sósíalista áberandi en helstu leiðtogar hennar voru Stewart Duckworth Headlam og Charles Kingsley (sama: 379 og 385 og H. Brown 1924). Þessi hreyfing var nánast horfin um 1880. En þegar á heildina er litið var svo gott sem engin sósíalísk hreyfing á Bretlandi, hvorki Marxísk né Owenísk frá síðustu árum sjötta áratugarins til fyrstu ára níunda áratugarins. Verkalýðsfélögum fjölgaði á seinni hluta aldarinnar en á sama tíma efdust stjórnmalahreyfingar frjálslýndra. Samstarf varð mikið milli þessara aðila og Frjálslýndi flokkurinn var helsti málsvari verkafólks á Breska þinginu á seinni hluta 19. aldar. Um síðir var fyrsti sósíalíski stjórnmalaflokkurinn á Bretlandi stofnaður, en það var Lýðræðisbandalagið (The Democratic Federation) sem stofnað var 1881. Þrem árum síðar var nafninu breytt í Sósíal-demókratabandalagið (The Social Democratic Federation). Flokkurinn var byggður á Marxisma en hvorki K. Marx né F. Engels vildu taka þátt í honum. Í flokknum sameinuðust ólík öfl og hreyfingar sem deildu um markmið og leiðir. Í fyrsta lagi var armur Henry Hyndmans

sem aðhylltist kenningar K. Marx en Hyndman var upphafsmaður flokksins. Í öðru lagi var hópur félagar úr verkalýðsfélögum sem var stjórnmalasinnaður en undir minni áhrifum af Marxisma en fylgismenn Hyndmans. Þriðji armur flokksins kom úr röðum meðlima róttækra félagar í Austur-London, sérstaklega úr Stratford Radical Club, en þeir voru harðsoðnir anarkistar. Fjórði armur flokksins var hópur einstaklingar sem flestir voru róttækir menntamenn sem á sama tíma stofnuðu Samtök fabína (Fabian Society). Í þessum hópi voru einnig menn eins og William Morris og Ernest Belfor Bax sem höfðu orðið sósíalistar vegna áhrifa af riti Henry George, *Progress and Poverty*. Loks var fimmti armurinn sem samanstóð af skoðkum leiguliðum sem aðhylltust kenningar Henry George og fylgdu írsku landkröfuhreyfingunni að málum, Irish Land League. Þessi hópur stofnaði Scottish Land and Labour League 1884 (G.D.H. Cole 1954: 398-400).

Undir lok 1884 klofnaði Lýðræðisbandalagið og í byrjun næsta árs voru fjórar megin hreyfingar jafnaðarsinna starfræktar. Í fyrsta lagi var það hreyfing anarkista en hún stofnaði tímaritið **Freedom; A Journal of Anarchist Socialism** árið 1886. Á bak við tímaritið stóð Kropotkin fursti sem fjármagnaði það og var virkasti greinahöfundur tímaritsins². Lýðræðisbandalagið hélt lífi þrátt fyrir klofninginn og var Marxísk hreyfing en Hyndman og John Burns voru helstu leiðtogar hennar. Þriðja hreyfingin var Sósíalistabandalagið (The Socialist League) sem William Morris var leiðtogi fyrir en í þessa hreyfingu gengu anarkistar úr Frelsisbandalagi verkafólks (Labour Emancipation League). Loks var svo Samtök fabína sem stofnuð voru 1884 en var enn lítt þekkt. Fabínar áttu síðar eftir að verða áhrifamiklir í Verkamannflokknum breska og eru enn áhrifamiklir innan hans³.

William Morris⁴ hafði mikil áhrif á breskan sósíalisma en hann var andvígur ríkissósíalisma og barðist gegn því að barátta jafnaðarsinna leiddi til þess að „skrifræðiskerfi sameignarsinna“ tæki við af kapítalismanum. Hann hafði ímugust á þingræðislegri baráttu en á síðustu æviárum sínum féllst hann á að vegna eflingar stjórnmalahreyfingar sem byggði á verkalýðsfélögum og var þingræðissinnuð væri möguleiki á að mennta alþýðuna það mikið að hún gæti tekist á við að hrinda raunverulegri samfélagsbýltingu í framkvæmd. Morris starfaði með Eleanor Marx,

² Hreyfingin sem áður gaf út tímaritið Freedom er enn við líði og gefur út margvísleg rit, sjá <http://freedompress.org.uk/public/news.oml.html>

³ Meðal þekktra Fabína má nefna alla forsætisráðherra Verkamannaflokksins, sjá <http://fabians.org.uk/>.

⁴ William Morris var vel þekktur á Íslandi í lok 19. aldar. Hann ferðaðist um Ísland 1871-73 og voru dagbækur hans þýddar á íslensku (W. Morris 1975). Bókasafn hans, rúmlega 400 bindi, fékk bókasafnið á Húsavík að gjöf eftir hans dag (Sveinn Skorri Höskuldsson 1993: 481).

dóttur Karls Marx, og Friedrich Engels að stofnun sósíalískra hreyfinga en sósíalismi hans átti margt sameiginlegt með anarkó-kommúnisma. Í útópíu hans eins og hún birtist í **News from Nowhere** var ekkert ríkisvald en samfélagslegar stofnanir spruttu úr frjálsri félagastarfsemi alþýðunnar. Þessa sýn hafði Korpotkin einnig en Morris féllst ekki á að fyrst þyrfti að gjöreyða ríkisvaldinu áður en alþýðan væri tilbúin til að umbylta samfélaginu. Menntun fjöldans var lausnarorðið, en með menntun átti hann ekki við formlega menntun eins og hún birtist í skólakerfinu og hefur að markmiði að troða fölskum gildum í nemendurna. Hugmynd hans um menntun snerist um að nemendurnir öðluðust þekkingu á listum og menningu og færni og trú á að lifa í félagi við annað fólk í jöfnuði og bræðralagi⁵. Líkt og Lenin vildi Morris að „ríkisvaldið hyrfi með tímanum“ en yrði ekki rífið í tætlur án þess að neitt kæmi í staðinn sem skapaði farveg inn í hið stéttlausa samfélag framtíðarinnar. En ólíkt Lenin var forsenda frjáls samfélags framtíðarinnar að það yrði byggt upp af og í frjálsum félagasamtökum (G.D.H. Cole 1954: 418-419).

Morris var andvígur verksmiðjurekstri og lagði áherslu á að vinnu manna yrði að byggja á handverki og verkstæðum því að öðrum kosti gæti fólk ekki fundið sig í vinnunni og öðlast hamingju. Það er aðeins í handverkinu sem menn öðlast skilning á fegurð og nytsemi hlutanna og lífsins sem umvefur þá. Í þessum efnum endurspeglar Morris kenningar John Ruskin og gagnrýni hans á kapítalismann⁶ en Ruskin sótti sínar hugmyndir í smiðju Thomas Carlyle. Báðir boðuðu nauðsyn ríkisafskipta til að koma á jafnvægi í samfélaginu og beina því á brautir æðri gilda. Ruskin var þó ósammála áherslum Carlyle á sterkt ríkisvald og boðaði þess í stað leið „félagshagkerfisins“ eins og það er kallað nú á tímum, þ.e. leið frjálsra félagasamtaka og samvinnufélaga.⁷

Sósíalismi Morris endurspeglar vel þær áherslur sem greinir að breskan sósíalisma og þann sem þróaðist á meginlandi Evrópu. Áherslan er á siðferðileg og mórölsk gildi fremur en vísindalegan sósíalisma og nauðhyggju í anda aldamótamarxismans. Sósíalismi Morris endurspeglar líka áherslu á veikt ríkisvald og smáar framleiðslueiningar fremur en sterkt ríkisvald og stóriðju og verksmiðjurekstur.

⁵ Svipaðar hugmyndir má lesa í verkum Jónasar Jónssonar frá Hriflu en báðir voru þeir Morris og Jónas undir áhrifum kenninga John Ruskin (sjá Jónas frá Hriflu 1909 og 1917: 70-71). Eins og kunnugt er dvaldi Jónas veturinn í 1907 í Oxford of nam við skólann sem kenndur er við Ruskin.

⁶ Sbr. J. Ruskin (1860) **Unto this Last**.

⁷ Eins og kunnugt er gekk Jónas Jónsson frá Hriflu í skóla Ruskin College í Oxford í eitt misseri 1908.


Á árinu 1891 má segja að straumhvörf hafi orðið í þróun sósíalískrar hreyfingar á Bretlandi. Það ár hóf Robert Blatchford útgáfu vikulega fréttaritsins **Clarion** sem varð gífurlega vinsælt meðal almennings en hann stofnaði deild Fabína í Manchester árið á undan. Clarion boðaði sósíalisma og birti afar auðlesna greiningu Blatchfords á samfélagsandstæðum auðvaldskerfisins. Greinarnar birtust í formi framhaldsgreina í fréttaritinu. Sumar Greinarnar voru birtar 1893 í bók hans **Merrie England** sem seldist í yfir tveimur milljónum eintaka og hafði mun meiri áhrif á þróun félagshyggju á Bretlandi en verk Karls Marx. Greinar Blatchford og bók hans voru undir sterkum áhrifum frá William Morris.

Blatchford boðaði í Clarion nauðsyn þess að stofnaður yrði verkamannaflokkur sem væri óháður Frjálslynda floknum og Íhaldsfloknum. Þrír óháðir sósíalistar voru kosnir á breska þingið 1892 og innan bresku verkalýðshreyfingarinnar óx þeirri skoðun fiskur um hrygg að hreyfingin yrði að eignast sinn eigin stjórnmalaflokk. Á þingi breska Alþýðusambandsins (Trade Union Conference) 1892 var skipuð nefnd um málið og var Óháði Verkamannaflokkurinn (Independent Labour Party) stofnaður á þingi Alþýðusambandsins sem haldið var í janúar 1893. Þrátt fyrir að flokkurinn væri ekki skýrður sósíalistaflokkur var í stefnuskrá hans boðuð samfélagseign á framleiðslutækjum og að viðskipti og tekjudreifing skyldi ákvörðuð samfélagslega. Jafnframt var krafist að áttastunda vinnudagur skyldi lögleiddur og komið yrði á velferðarþjónustu eins og almannatryggingum og skólakerfi sem yrði öllum opið óháð stéttarstöðu.

Óháði Verkamannaflokkurinn (ÓVF)⁸ fékk ekki það fylgi í þingkosningum sem vonast var til og stuðningur verkalýðsfélaga við hann var líka minni en menn höfðu gert sér vonir um. Þegar Verkamannaflokkurinn (VF) var stofnaður 1906 varð ÓVF aðili að honum og bauð fram í nafni VF lengi vel enda var aðild að floknum ekki opnuð fyrir einstaklinga fyrr en 1918. Fram að þeim tíma voru því engir virkir félagsmenn sem stóðu á bak við kosningabaráttu flokksins. Árið 1900 hafði þing Alþýðusambandsins samþykkt að stofna flokk sem lyti flokksaga og myndi starfa með öðrum flokkum á þingi til að ná fram stefnumiðum sem tryggðu hagsmuni verkafólks. Stofnuð var á Alþýðusambandsþinginu Framboðsnefnd verkafólks (Labour Representation Committee) sem fékk það verkefni að samhæfa og styðja fjárhagslega

⁸ Útgáfuefni ÓVF (Independent Labour Party) skilaði sér m.a. til Íslands á þriðja áratug síðustu aldar. Bókmenntafélag jafnaarmanna gaf út bók Dan Griffiths **Höfuðóvinurinn - Ritgerðir um jafnaðarstefnuna** 1924 og Jafnaðarmannafélag Íslands gaf út bók Fred Hendersons árið 1926 **Rök jafnaðarstefnunnar** (þessar bækur má hala niður af

framboð til þingkosninga. Formaður nefndarinnar var meðlimur í ÓVF, Ramsey MacDonald, en hann varð forsætisráðherra Breta 1924.



Ramsey MacDonald.

Verkamannaflokkurinn fékk 42 þingmenn kosna 1910 í neðri málstofu þingsins og 1922 varð hann annar stærsti flokkur á þinginu með 142 þingmenn. Í kosningunum 1923 fékk VF flest atkvæði og 191 kjörinn þingmann en náði ekki meirihluta á þinginu. Þegar fyrsta ríkisstjórn VF var mynduð 1924 varð flokkurinn því að styðjast við Frjálslyndaflokkinn til að verjast vantrausti á þinginu.

Það er sérstaða bresks sósíalisma að helsti flokkur félagshyggjumanna er sprottinn úr starfsemi verkalýðsfélaganna og varð að berjast í byrjun við Frjálslyndaflokkinn um hylli hennar. Flokkurinn var aldrei undir miklum áhrifum af Marxisma. Í Þýskalandi var þessu öfugt farið. Eftir að Bismarck kanslari hrökklaðist frá völdum og lögum gegn starfsemi sósíalískra hreyfinga var aflétt 1890 náði hin Marxíska Þýska Sósíal-demókrataflokkur sterkri valdastöðu og jók fylgi sitt jafnt og þétt í þingkosningum með því að höfða til millistétta í stefnumálum sínum á sama tíma og hann kvaðst stefna að sósíalísku samfélagi þegar til lengri tíma væri litið. Flokkurinn var óháður þýskum verkalýðsfélögum sem voru fá og veikburða. Í Frakklandi voru Marxískar hreyfingar ekki eins sterkar og í Þýskalandi því þar voru fjölmargar aðrar öflugar hreyfingar sósíalista (G.D.H. Cole 1954: 441-443).

Eins og ætla má af því sem sagt hefur verið hér að ofan var breski Verkamannaflokkurinn samsafn af félagshyggjusamtökum og verkalýðsfélögum. Líklega eru Samtök fabína (Fabian Society) sú hreyfing sem mest hefur haft áhrif á hugmyndafræðilega þróun flokksins. Samtökin hafa á undanförunum árum verið helsta hreiður nýkratismans innan flokksins með Tony Blair og Gordon Brown í broddi fylkingar. Samtökin voru stofnuð 1894 og voru vettvangur sósíalískra menntamanna en meðal þeirra voru George Bernard Shaw, H. G. Wells, Annie Besant, Graham Wallas, Hubert Bland, Edith Nesbit, Sydney Olivier, Oliver Lodge, Leonard Woolf

and Virginia Woolf, Ramsay MacDonald, feministinn Emmeline Pankhurst og Bertrand Russell. Samtökin aðhylltust hægfara samfélagsbyltingu sem myndi leiða til sósíalisma, þjóðnýtingar atvinnulífsins og öflugs velferðarkerfis.

Helstu leiðtogar Samtaka fabína á fyrstu áratugum samtakanna voru hjónin Sidney og Beatrice Webb en þau aðhylltust í æ ríkari mæli þingræðishyggju eftir því sem á leið. Bæði hafði aukið fylgi Verkamannaflokksins sín áhrif á afstöðu þeirra en ekki síður að byltingin í Rússlandi benti í byrjun til þess að ríkisvaldið gæti leikið stórt hlutverk í að koma á hinu sósíalíska samfélagi (G.D.H. Cole 1956: 214-218). Átökin innan hreyfingarinnar milli ríkissósíalista og þeirra sem vildu byggja á hugmyndafræði anarkó-syndikalista og samvinnumanna voru þó löngu orðin djúpstæð og enduðu með því að G.D.H. Cole og fleiri stofnuðu samtök gilda-sósíalista, The National Guilds League, árið 1915. Meðal stofnenda var S.G. Hobson sem gaf út bókina *Guilds: an Inquiry into the Wage System and a Way Out* árið 1914. Afstaða þeirra til markmiða og leiða sósíalískrar baráttu var gjörólík afstöðu ríkissósíalista.



George Douglas Howard Cole

Klofningur gildasósíalista - sjálfstjórnarsósíalistar.

Á meðan ríkissósíalistar vildu ná undir sig ríkisvaldinu til að geta fært atvinnulífið í hendur almennings með þjóðnýtingu sögðu gildasósíalistar það ekki nógu langt gengið. Verkafólk er jafn ófrjálst og kúgað í verksmiðjum sem ríkið á og embættismenn stjórna eins og í verksmiðjum kapítalastanna. Markmið gildasósíalista með þjóðnýtingu verksmiðjanna og atvinnulífsins almennt var að koma völdunum í þeim í hendur verkafólksins sjálfs. Gildasósíalistar voru líka andvígir hugmyndum ríkissósíalista um að kjörnir fulltrúar á þjóðþingum skyldu gæta hagsmuna neytenda og taka ákvarðanir um framboð á vörum og þjónustu. Þingmenn og embættismenn ríkisins gætu aldrei haft nægilega yfirsýn yfir þarfir

einstaklinganna í samfélaginu. Vettvangur slíkrar ákvarðanatöku voru samvinnufélag neytenda að mati gildasósíalistanna en samvinnuhreyfingin á Bretlandi var löngum sú öflugasta í heiminum. En gildasósíalistarnir voru andvígir skoðunum samvinnumanna að því leyti að þeir töldu að ekki væri nægilegt að skipuleggja almenning í samvinnufélög því ákveðinn vettvang yrði að skapa þar sem ákvarðanir yrðu teknar um samhæfingu framleiðslu og neyslu. Á sama hátt og þeir gagnrýndu samvinnumenn fyrir að einskorða sýn sína og baráttu við neytendasamvinnufélög höfnuðu þeir hugmyndum syndikalista fyrir að einblína á verkalýðsfélögin sem hið eina réttmæta skipulagsform sósíalíks samfélags framtíðarinnar (G.D.H. Cole 1920: 36).

Verkalýðsvöld og lýðræði.

Gildasósíalistarnir héldu því fram að til þess að verkafólk hefði raunaveruleg völd í samfélaginu nægir ekki að verkalýðsstéttin taki yfir þær valdastofnanir sem fyrir eru í samfélaginu. Raunverulegt lýðræðissamfélag verður aldrei að veruleika í þeirra augum nema að samfélagið sé endurskipulagt í grundvallardráttum og að nýju skipulagi valds og ákvarðanatöku á öllum stigum samfélagsins verði komið á. Útgangspunktur gildasósíalistanna var að fullveldi einstaklinganna er ekki til staðar í því þingræðisskipulagi sem við lifum í. Til að lýðræði verði að veruleika þarf að koma á annars konar stjórnsmálakerfi. Í augum gildasósíalistanna er þingræðiskerfið afurð þess stéttasamfélags sem sósíalistar munu afnema með baráttu sinni.

Í tímanna rás hefur hlutverk ríkisins orðið umfangsmeira og afskipti þess af lífi almennings með lögum og reglugerðum hefur orðið flóknara og margþættara. Um leið hefur frelsi einstaklingsins til að móta eigið líf orðið minna. Á meðan umsvif ríkisins var minna og verkefni þess fábreyttari virkaði þingræðisskipulagið betur þar sem þingmennirnir sem setja lög endurspegluðu betur þarfir umbjóðenda sinna, kjósendanna, og þeir hinir síðarnefndu áttu auðveldara með að hafa eftirlit með fulltrúum sínum, þingmönnum. Þetta samband milli þingamanna og kjósenda hefur rofnað.

G.D.H. Cole (1920: 13-14) hélt því fram að við búum aðeins í kenningunni en ekki raunverulega við mikið lýðræði. En það eru a.m.k. þrjár ástæður fyrir því að þetta kenningarlega lýðræði virkar ekki. *Í fyrsta lagi* einkennist nútíma lýðræði af því að kjósendinn hefur þau „forréttindi“ að afsala sér völdum sínum í hendur aðila sem hann kys í kosningum. Þetta hljómar vel við fyrstu sýn en þróun nútíma fulltrúalýðræðis hefur gengið svo langt að aðilarnir hafa skipt um hlutverk, þ.e.a.s.

stjórnvöld sem eiga að heita fulltrúar kjósendans hafa völdin yfir kjósendanum en ekki öfugt eins og kenningin gerir ráð fyrir. Þetta er kjarninn í merkingu hugtaksins “fullveldi þjóðþingsins”. Í öðru lagi er “lýðræði” skilið í þröngri “stjórnmalalegri” merkingu. Lýðræði er njörvað niður í ákveðið svið sem kallað er stjórnmalasviðið en það er ekki litið til þess að lýðræði snertir öll svið mannlegra samskipta. Afleiðingin af þessari þröngu hugsun er sú að kenningarlegir “lýðræðissinnar” líta algerlega framhjá aðstæðum utan stjórnmalasviðsins þar sem skipulag og samskipti manna eru ólýðræðisleg eins og t.d. á vinnustöðum og í félögum og samtökum. Þeir líta framhjá þeirri staðreynd að gífurlegur ójöfnuður ríkir með tilliti til auðs og valda í samfélaginu. Þessi ójöfnuður leiðir til ójafnaðar í menntun og áhrifa í samfélaginu en slíkur ójöfnuður kemur í veg fyrir raunverulegt lýðræði. Í þriðja lagi er kenningin um fulltrúalýðræði ekki aðeins villandi (distorted) þar sem fulltrúarnir hafa völdin yfir umbjóðendum sínum, heldur gefur hún einnig ranga mynd af fulltrúaaðferðinni sem slíkri, þ.e. af hlutverki fulltrúans. Svo lengi sem viðfangsefni stjórnsýslunnar og hins opinbera eru fá og takmörkuð og hinn gífurlegi fjöldi verkefna á félagsmalasviði hins opinbera er ekki njörvaður niður í reglugerðum er e.t.v. mögulegt fyrir hóp manna að velja einn til að vera fulltrúi þeirra gagnvart öllum þeim markmiðum sem viðkomandi stjórnsýslustofnunum er ætlað að vinna að. En þegar markmiðin margfaldast og meira og meira af félagslegum málefnum er stýrt af stjórnvöldum getur kjörinn fulltrúi ekki lengur verið umbjóðandi sem framfylgir markmiðum umbjóðenda sinna, kjósendanna. Hugmyndin um að hann eða hún sé fulltrúi tiltekinna markmiða kjósendanna verður merkingarlaus.

Í augum sósíalista er það algerlega vonlaust að gera ráð fyrir að lýðræði geti verið raunveruleiki í samfélagi þar sem gífurlegur ójöfnuður er ríkjandi með tilliti til auðs og valda. Augljósast er þetta í atvinnulífínu þar sem atvinnurekandinn drottinnar yfir launaþrælunum. Atvinnurekandinn hirðir auðinn og skipar fyrir en launaþrællinn hlýðir og lifir við mikið efnahagslegt óöryggi. Það getur ekkert kosningafyrirkomulag sem byggist á meginreglunni “einn maður, eitt atkvæði” gert þá jafna félagslega eða í stjórnmalalífínu. Því efnahagsleg völd hins ríka atvinnurekanda eða fésýslumanns eru margfalt meiri en launaþrælsins og takmarkar möguleika hans til áhrifa gegnum kosningaréttinn. Fjölmiðlana er aðeins hægt að reka á þeim forsendum að ríkir kapítalistar styðji þá beint fjárhagslega eða með auglýsingum. Kosningabarátta er fjármögnuð er af ríkum atvinnurekendum. Skólakerfið er skipulagt með sérstaka skóla fyrir hina ríku og aðra fyrir efnaminni þar sem hinir fyrrnefndu skólarnir eru

þjálfunarbúðir fyrir tilvonandi stjórnendur og hinir síðarnefndu fyrir launaþræla. Þessar og fjölmargar aðrar ástæður gera það að verkum að stjórnmálaleg völd hinna ríku eru óendanlega miklu meiri en hinna efnaminni. Það gefur auga leið að ef rödd hvers og eins meðborgara á að skipta máli verður að eyða stéttskiptingunni með því að afnema þann gríðarlega mun sem er á auði manna og efnahagslegum völdum sem er undirstaða hennar (sama: 15-16).

Það ólýðræðislega samfélag sem fylgir kapítalismanum er andstætt þeirri mynd af samfélagi frjálsra einstaklinga sem gildasósíalistarnir börðust fyrir. Þau sjónarmið eru síung. Í augum þeirra voru samfélagsleg gildi og markmið í eðli sínu mennsk, þ.e. sprottin af gildum og markmiðum einstaklinganna. Samfélagið í þeirra augum var samstæða samtaka og félaga sem voru borin uppi af vilja meðlimanna og velferð þeirra er markmið félaganna og samtakanna. Í augum gildasósíalistanna var ekki nóg að form stjórnmálalífsins og stjórnsýslunnar væru samþykkt af óvirkum meðborgurum samfélagsins. Heilbrigt samfélag stendur aldrei undir nafni nema að það sé fyllilega lýðræðislegt og sjálfstýrt (self-governing), en það felur ekki aðeins í sér að almenningur hafi “rétt” til hafa áhrif á stefnumörkun samfélagsins ef þeim býður svo við, heldur að möguleiki almennings sé í hámarki til að nýta sér þennan rétt og fólk geri það í raun og veru. Cole orðaði sýn gildasósíalistanna svona:


“Það sem er e.t.v. mikilvægasta forsendan er að lýðræði tilheyrir ekki eingöngu sérstöku sviði samfélagsins sem gengur undir nafninu “stjórnmál” heldur tilheyrir það öllum sviðum athafna manna í samfélaginu og sérstaklega í efnahagslífinu og á vinnustaðnum.” (sama: 12).

Cole bætir við að þessi forsenda er meira en eitthvað sem maður gefur sér því hún er studd þeim rökum að það á aðeins við um sjálfstjórnarsamfélagið sem byggist á virku lýðræði sem getur laðað fram það besta í meðborgurunum eða fært þeim hámarks tækifæri til persónulegrar og félagslegrar sjálfsbirtingar en hún er forsenda raunverulegs frelsis. Samfélagsskipanin í dag kemur í veg fyrir raunverulegt virkt lýðræði og um leið raunverulegt frelsi almennings. Að þessum orðum sögðum er eðlilegt að spyrja hvernig menn skipuleggja slíkt sjálfstjórnarsamfélag?

Sjálfstjórnarsamfélag gildasósíalistanna

Gildasósíalistarnir gagnrýndu nútíma ríkisvald fyrir að hafa snúist upp í andstæðu vestrænnar lýðræðishugsunar. Í stað þess að lúta fullveldi einstaklinganna

eins og John Locke gerði ráð fyrir er því gefið fullveldi yfir einstaklingunum (sjá John Locke 1823, málsgrein 149).⁹



John Locke

Ríkisvaldið er skipulagt út frá þessum forsendum með þrjúgreiningu valdsins í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald. Þjóðþingin hafa löggjafarvaldið í sínum höndum og gert er ráð fyrir að þau séu alvitur og geti samþykkt lög um allt sem finnst undir sólinni. Og eftir því sem viðfangsefni stjórnmalanna og stjórnsýslunnar verða umfangsmeiri og margvíslegri fjölgar lögum löggjafans. Framkvæmdavaldið framkvæmir lögina og því stýrir lítill klúbbur manna, þ.e. ríkisstjórn, sem starfar í umboði þjóðþingsins. En í tímanna rás hefur lagabálkum fjölgað og þau svið samfélagsins sem heyra undir lög hafa orðið mýmörg. Um leið og þetta hefur gerst hefur vald ríkisstjórna aukist og þær tekið yfir hlutverk löggjafans að endurspeglar hagsmuni ólíkra hagsmunaaðila og meðlima samfélagsins. Embættiskerfið og ríkisstjórnir hafa samhliða þessari þróun fengið í hendur gífurlegt áhrifa- og frumkvæðisvald í gerð frumvarpa og löggjöf. Raunverulegt vald þjóðþinga hefur þannig minnkað þótt formlega séð eigi vald þess á sviði löggjafar að vera óskorað (sama: 28-9).

Gildasósíalistarnir snerust gegn þessari þróun sem hefur grafið undan fullveldi og áhrifum einstaklinganna í samfélaginu. Ríkisvaldið á ekki að hafa fullveldi heldur á það aðeins að vera tæki almennings til að gera markmið hans að veruleika eins og

⁹ Hugsun John Locke er skýr í eftirfarandi orðum sem jafnframt eru rök hans fyrir byltingarrétti þegnanna: "... þar sem löggjafarvaldið byggist aðeins á umboði til að sinna ákveðnum markmiðum, þá hefur *þjóðin* enn *hið æðsta vald* til að setja *löggjafarvaldið* af eða breyta því ef henni þykir það hafa brugðist trausti sínu og ekki starfa í samræmi við það umboð sem því var fengið. Því allt vald sem byggist á *umboði*, sem valdhafanum hefur verið treyst fyrir til að hann vinni að einhverjum ákveðnum *markmiðum*, takmarkast við þessi markmið þannig að vanræki valdhafinn þau eða vinni gegn þeim, þá hlýtur hann að *glata traustinu* sem honum var veitt. Við það flyst valdið aftur til þeirra sem veittu honum umboðið, og þeir geta þá ráðstafað því að nýju á þann hátt sem þeir telja best tryggja öryggi sitt. John Locke, **The Second Treatise of Civil Government**, §149, 1690.

John Locke gerði ráð fyrir. Gildasósíalistarirnir héldu því fram að ríkisvaldið yrði að afnema í sinni núverandi mynd til að fullveldi einstaklinganna eða samfélagsmeðlimanna geti orðið að veruleika og um leið frelsi þeirra. Þessi afstaða gerði það að verkum að þeir lentu í andstöðu við ríkissósíalista en undir þeim hatti voru bæði þingræðissósíalistar, þ.e. sósíal-demókratar og Lenínistar. Ólíkt ríkissósíalistunum héldu gildasósíalistarirnir því fram að það væri ekki nægjanleg forsenda fyrir sósíalísku samfélagi að verkalýðsstéttin og sósíalistar tækju yfir ríkisvaldið því skipulag þess væri með þeim hætti að það kæmi í veg fyrir raunverulegt lýðræði almennings. Forsenda lýðræðis að þeirra mati var að leggja niður núverandi ríkisvald og byggja upp nýtt fyrirkomulag ákvarðanatöku sem byggði á virkri og jafnri þátttöku almennings í ákvarðanatökum. Slíkt kerfi yrði að byggjast á því að markmið einstaklinganna og hagsmunir þeirra lægju til grundvallar stefnumörkun samfélagsins á öllum stigum þess. Þingræðisskipulagið í sinni núverandi mynd er gagnslaust tæki í þessu samhengi. Við skulum skoða nánar hvers vegna þingræðisskipulagið gagnast lýðræðinu ekki.

Þingræðisskipulagið byggist á þeirri forsendu að vilji eins einstaklings, þ.e. vilji þingmannsins sem starfar samkvæmt eigin sannfæringu, kemur í stað vilja margra einstaklinga. Þessi forsenda stríðir augljóslega gegn lýðræði þar sem þingmaðurinn eða fulltrúinn tekur ákvarðanir í nafni margra sem ekki taka viðkomandi ákvörðun. Að auki eru tvö atriði sem stríða gegn lýðræði í þingræðiskerfum svokallaðra lýðræðisríkja nútímans. *Annars vegar* hefur kjósandinn í reynd enga stjórn á fulltrúa sínum dag frá degi þar sem hann hefur aðeins rétt til að kjósa sér fulltrúa með löngu millibili. Í þingkosningum er gjarnan miðað við 4 eða 5 ár. Í flestum tilfellum er valið takmarkað og kjósandinn getur aðeins kosið þann skásta af mörgum slæmum frambjóðendum. *Hins vegar* er kjósandanum ætlað að velja sér fulltrúa sem ætlast er til að gæti hagsmuna hans gagnvart öllum þeim vandamálum og spurningum sem þjóðþingið þarf að taka afstöðu til. En kjósandinn er skynsemisvera og er ekki alltaf sammála þingmanninum í öllum málum og er því oft andvígur fulltrúa sínum. Þingræðisformið tryggir því ekki lýðræði og þar af leiðandi er eðlilegt að spyrja sig hvort betra skipulag sé hugsanlegt.

Gildasósíalistarirnir sögðu að mölbrjóta yrði þingræðiskerfið (G.H.D. Cole 1920: 32) og byggja yrði nýtt lýðræðisfyrirkomulag á tveimur grundvallar forsendum. *Í fyrsta lagi* yrði kjósandinn að hafa frjálst val, aðgengi og fullkomna stjórn á fulltrúum sínum. *Í öðru lagi* á það ekki að vera hlutverk kjósandans að velja sér

fulltrúa sem er hans umbjóðandi sem maður eða þjóðfélagsþegn, heldur velur hann sér fulltrúa sem er talsmaður skoðana hans með tilliti til tiltekins markmiðs eða tiltekinna markmiða. Eða m.ö.o. með tilliti til tiltekins verkefnis. Lýðræðisskipulag verður því ávallt að byggjast á því að starf fulltrúans sé verkefnabundið (functional representation) (sama: 32-3).

Lýðræðislegt samfélag verður alltaf að byggjast á þeirri grunnreglu að fulltrúinn er valinn til að sinna tilteknu verkefni en af því leiðir að í samfélaginu verður fólk að velja jafnmarga fulltrúa og verkefnin eru mörg sem talið er mikilvægt að leysa. Eins og Cole orðaði það:

„Smith getur ekki verið fulltrúi Brown, Jones og Robinson sem mannlegra vera því ekki er hægt að vera fulltrúi fyrir mannlega veru sem einstaklings. Hann getur aðeins verið fulltrúi skoðana sem Brown, Jones og Robinson hafa sameiginlega í tengslum við tiltekið eða tiltekin samfélagsleg markmið. Brown, Jones og Robinson verða því að hafa fleiri en eitt atkvæði hver, þ.e.a.s. mörg atkvæði sem tengd eru mörgum mismunandi spurningum og markmiðum sem kalla á sameiginlegar aðgerðir þeirra.“ (sama: 33).

Hugsunin er sú að fólk eigi að hafa jafn mörg atkvæði og markmiðin eða hagsmunirnir eru margvíslegir. En markmiðin eru ólík að gerð eftir því hvort þau eiga við um markmið fyrir samfélagið í heild eða markmið tiltekinna samfélagshópa sem vinna saman að tilteknum verkefnum innan samfélagsins. Greina má tvenns konar bönd eða tengsl sem binda fólk saman í samtök og til samvinnu. Annars vegar eru bönd sem tengjast starfi viðkomandi að tiltekinni samfélagslegri þjónustu eða framleiðslu. Hins vegar eru bönd milli þeirra sem eiga sameiginlega hagsmuni í að neyta þjónustunnar eða afurða framleiðslunnar. Í nútíma samfélagi eru launþegafélögin samtök sem skipulögð eru á grunni fyrrnefndu bandanna og neytendasamvinnufélög eru samtök þeirra sem eiga sameiginlega hagsmuni af því að neyta tiltekinnar þjónustu eða vöru.

Það er grundvallarforsenda lýðræðislegs samfélags að þau samtök sem spretta af þessum tvenns konar markmiðum og hagsmunum sem nefndir voru hér að ofan, þ.e. markmið neytenda og framleiðenda, séu byggð á sjálfstjórnarskipulagi. Það er aukaatriði hvort allir eða aðeins sumir samfélagsþegnar tilheyra viðkomandi samtökum því aðalatriðið er að samtökin endurspegli sameiginleg markmið meðlimanna (sama: 34). Sjálfstjórnarskipulagið felur í sér að fyrirtækin eru undir stjórn verkafólksins sjálfs sem hefur stofnað þau eða tekið þau yfir af kapítalistunum. Í framhaldi af því er mögulegt að byggja stjórnsýslu og hið opinbera á samtökum

verkafólksins sjálfs í viðkomandi atvinnugrein. Samtökin kjósa sína fulltrúa í stjórnarsýsluna og þannig endurspeglar stofnanir hins opinbera hagsmuni þeirra persóna sem eiga hlut að máli, þ.e. hagsmuni sjálfra einstaklinganna í fyrirtækjunum. En þetta fyrirkomulag endurspeglar ekki nægilega vel hagsmuni allra aðilanna sem koma að máli. Þeir sem neyta þeirrar þjónustu eða vöru sem framleidd er í fyrirtækjunum hafa líka sína hagsmuni. Hagsmunir neytenda er að verð sé lágt og gæði vörunnar mikil. Hagsmunir fiskframleiðenda snúa að því hvaða fiskvara er framleidd og hvernig framleiðslunni er stjórnað. Neytendur fiskafurða sem starfa í öðrum atvinnugreinum eins og t.d. kennarar í skólum eiga sína hagsmuni sem neytendur fiskafurðanna. Svipað er að segja um kennarana sem eiga sína hagsmuni sem kennarar en fiskframleiðendur eiga sína hagsmuni sem neytendur, þ.e. ýmis sem nemendur eða forráðamenn nemenda í skólum. Það er í þessari greiningu, á tengslum milli sérstakra hagsmuna tiltekinnna hópa eins og fiskframleiðenda og kennara og almennra hagsmuna allra annarra hópa sem neytenda framleiðsluafurða þeirra eða þjónustu, sem við finnum megin muninn á afstöðu gildasóssíalista og annarra sóssíalista til þess hvernig ber að skipuleggja sóssíalískt samfélag. Aðrir sóssíalistar taka ekki báðar hliðar hagsmuna til greina heldur einbeita sér aðeins að annarri hliðinni á peningnum. Samvinnumenn einbeita sér að hagsmunum neytenda og skipuleggja þá í félög og ríkissóssíalistar einbeita sér að því að byggja upp miðstýrt ríkisvald sem þeir telja að endurspegli hagsmuni neytenda. Syndikalistar einbeita sér ólíkt þessu að framleiðslueiningunum og vilja skipuleggja samfélagið á grunni fyrirtækja sem verkafólkið hefur tekið yfir. Gildasóssíalistar vilja byggja samfélagið bæði á hagsmunasamtökum framleiðenda og neytenda og vilja skipuleggja stjórnarsýsluna og hið opinbera á fulltrúum beggja þessara hagsmunaaðila (sama: 35-6). Spurningin er hvernig hugsa þeir sér að það verði gert?

Samræmingarvaldið (ríkisvaldið) að hætti gildasóssíalista.

Markmið gildasóssíalista er að afnema ríkisvaldið sem yfirvald í samfélaginu eins og það er í raun í nútíma samfélögum. Í stað þess á að koma á valddreifingu þar sem völdin eru hjá almenningi og hið opinbera hefur aðeins samræmingarhlutverk undir stjórn almennings. Til að átta sig á þessu skipulagi má í grófum dráttum segja að því svipar að ýmsu leyti til skipulags samtaka eins og þjóðkirkjunnar á Íslandi og víðar. Þetta skipulag byggir á því að sóknarmeðlimir kjósa sér sóknarnefnd sem gætir hagsmuna sóknarmeðlima og ræður presta sína. Prestar koma hins vegar úr röðum

presta sem hafa hlotið formlega viðurkennda menntun til starfsins. Prestarnir sækja presta- og kirkjuþing sem taka ákvarðanir um faglegar reglur og álitamál er snerta rekstur kirkjusamfélagsins.

Gildasósíalistar ætluðu sér að byggja upp samfélag sem byggði á virku lýðræði almennings en forsenda þess var að afnema kapítalismann og það ríkisvald sem honum fylgir. Valdið átti að koma neðan frá en átti ekki að vera einokað af valdastéttinni. „Ríkisvaldið“ átti aðeins að vera samhæfingaraðili en pólitískar og efnahagslegar ákvarðanir skyldu teknar af þeim sem málin snerta beint. Samfélagið átti að skipuleggja sem kommúnur sem störfuðu á grunni gilda framleiðendanna annars vegar og hins vegar samtaka og samvinnufélaga neytenda. Hugmynd gildasósíalistanna var að kommúnurnar yrðu skipulagðar á nokkrum ákvarðanatökustigum eða stjórnsýslustigum eins og það er kallað í dag. Taflan hér að neðan dregur fram helstu þættina í skipulaginu.

Á landsvísu	Landsgildi viðkomandi atvinnugreinar	Landssamband samvinnufélaga	Landsráð gilda samfélagslegrar þjónustu	Landsráð neytenda samfélagslegrar þjónustu	Landsráð gilda borgaralegrar starfsemi	Landsráð samtaka borgaral. starfs.	Landsráð gilda menn.- og heilbr. starfs.	Landsráð samtaka menn.- og heilbr. starfs.
Svæða- eða héraðsstig	Héraðsráð gilda í viðkomandi atv. grein.	Héraðsráð samvinnufélaga	Héraðsráð gilda í viðkomandi samfélagsþj. grein	Héraðsráð samtaka samfélagslegrar þjónustu	Héraðsráð gilda í viðkomandi grein borgaralegrar starfsemi	Héraðsráð samtaka neytenda borgaralegrar starfsemi	Héraðsráð gilda í menningar- eða heilbrigðis starfsemi	Héraðsráð samtaka neytenda í menningar- eða heilbrigðis starfsemi
Staðbundna stigið	Ráð gilda í viðkomandi atv. grein í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða	Ráð samvinnufélaga í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða	Ráð gilda í viðkomandi samfélagsþj. grein í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða	Ráð samtaka samfélagslegrar þjónustu í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða	Ráð gilda í viðkomandi grein borgaralegrar starfsemi í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða	Ráð samtaka neytenda borgaralegrar starfsemi í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða	Ráð gilda í viðkomandi menningar- eða heilbrigðisgrein í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða	Ráð samtaka neytenda menningar- eða heilbrigðis- starfsemi í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða
Gilda- og ráðastig	Gildi stjórnar vinnustaðnum en meðlimi þess má setja af hvenær sem er sé vilji til þess meðal starfsmanna. Starfsmenn ákveða í kosningum hverjir verða yfirmenn þeirra en opinberar reglur gilda um hvaða menntun þarf til viðkomandi starfs.	Aðsalfundur samvinnufélagsins kýs stjórn sem ber ábyrgð á starfsemi félagsins og ræður starfsmenn. Starfsmenn ákvarða hverjir eru ráðnir sem yfirmenn.	Stjórn gildis kosin af starfsmönnum og kommúnu. Starfsmenn kjósa sér faglega hæfa yfirmenn. Gildi stjórnar vinnustaðnum en meðlimi þess má setja af hvenær sem er sé vilji til þess meðal starfsmanna og/eða kommúnu.	Samtök neytenda samfélagslegrar þjónustu gæta hagsmuna neytenda, halda aðalfundi, móta stefnu og kjósa fulltrúa í Ráð samtaka samfélagslegrar þjónustu í stærri borgum og dreifbyggðum svæðum innan héraða.	Stjórn gildis kosin af starfsmönnum. Starfsmenn kjósa sér faglega hæfa yfirmenn. Gildi stjórnar vinnustaðnum en meðlimi þess má setja af hvenær sem er.	Samtök neytenda borgaralegrar starfsemi gæta hagsmuna neytenda, halda aðalfundi, móta stefnu og kjósa fulltrúa í ráð staðbundna- stigsins	Stjórn gildis kosin af starfsmönnum. Starfsmenn kjósa sér faglega hæfa yfirmenn. Gildi stjórnar vinnustaðnum en meðlimi þess má setja af hvenær sem er.	Samtök neytenda menningar- og heilbrigðis- starfsemi gæta hagsmuna neytenda, halda aðalfundi, móta stefnu og kjósa fulltrúa í ráð staðbundna- stigsins
Vinnustaða- og neytenda- stigið	Gildi framleiðenda vöru og þjónustu stofnað á hverjum vinnustað og í það kjósa starfsmenn fulltrúa. Gildið er stjórn fyrirtækisins. Fyrirtækin taka sjálf ákvörðun um hvað og hvernig þau framleiða afurðir sínar eða þjónustu	Neytendur stofna samvinnufélög í heimabyggð	Starfsmenn stofna gildi viðkomandi stofnana	Neytendur stofna samtök á mismunandi sviðum samfélagslegrar þjónustu	Framleiðendur borgaralegrar starfsemi stofna gildi	Neytendur borgaralegrar starfsemi stofna samtök	Framleiðendur menningar- og heilbrigðis- starfsemi stofna gildi	Neytendur menningar- og heilbrigðis- starfsemi stofna samtök
	Atvinnugreinar framleiðslu og þjónustu ('hagræn framleiðsla')		Samfélagsleg þjónusta, þ.e. innviðir eins og samgöngur, orkuframleiðsla, vatnsveitur og þjónusta í einokunar-/fákeppniþingum (Collective utility services)		Borgaraleg starfsemi, þ.e. starfsemi sem fullnægir andlegum og menntunarlegum þörfum (Civic activities)		Menningar- og heilbrigðisstarfsemi	

Heimildir

Robert Blatchford (1908) **Merrie England**, London: Clarion Press.

Cabet, E. (1842a) **Voyage en Icarie**,
<http://www.marxists.org/subject/utopian/cabet/icarus.htm>

Cabet, E. (1842b) **Refutation of the *Revue des Deux Mondes***,
<http://www.marxists.org/subject/utopian/cabet/deux-mondes.htm>

Cabet, E. (1843) **Icarian Communism, or the Community of Icaria**,
<http://www.marxists.org/subject/utopian/cabet/icarian-communism.htm>

Campanella, T. (1623) **Sólarborgin**,
<http://www.gutenberg.org/dirs/etext01/tcots10.txt>

Cole, G.D.H. (1920) **Guild Socialism Re-Stated**, London: Leonard Parsons.

Cole, G.D.H. (1954) A History of Socialist Thought; Marxism and Anarchism 1850-1890 í **A History of Socialist Thought**, Vol. II., London: Macmillan & Co Ltd.

Cole, G.D.H. (1956) The Second International 1889-1914 í **A History of Socialist Thought**, Vol. III., London: Macmillan & Co Ltd.

Grey, J. (1999) **False Dawn; The Delusions of Global Capitalism**, London: Granta Publications.

Griffiths, D. (1924) **Höfuðóvinurinn - Ritgerðir um jafnaðarstefnuna**,
Bókmenntafélag jafnaarmanna. (www.felagshyggja.net).

Gunnarson, G. (1973) **De stora utopisterna 1; Från Platon till levellerna**,
Stokkhólmur: Tidens förlag.

Ívar Jónsson (2008) **Marx's Metascience; A Dialogical Approach to his Thought**,
Reykjavík: Félags- og hagvísindastofnun Íslands.

Hendersons, F. (1926) **Rök jafnaðarstefnunnar**, Jafnaðarmannafélag Íslands.
(www.felagshyggja.net).

Jónas Jónsson frá Hriflu (1909) **Lýðskólinn í Askóv**, birt í Eimreiðinni, 15. árgangur
1909, bls. 1-14. Sjá www.felagshyggja.net.

Jónas Jónsson frá Hriflu (1917) **Samvinnuskóli**, birt í Tímariti íslenzkra
samvinnufélaga, XI. árgangur, I-II hefti. Sjá www.felagshyggja.net.

Locke, J. (1823) [1690] **Two Treatises of Government**, Glasgow: R. Griffin and Co.

Marx, K. (1843) **Gagnrýni á réttarheimspeki Hegels**,
<http://marxists.org/archive/marx/works/1843/critique-hpr/index.htm>

Meslier, J. (1729) **Testament**,
<http://marxists.org/history/france/revolution/meslier/1729/testament.htm>

More, T. (1516) **Utupia**,
<http://marxists.org/reference/archive/more/works/utopia/index.html>

Morelly (1755) **Code of Nature; Or, The True Spirit of Laws**
<http://marxists.org/subject/utopian/morelly/code-nature.htm>

Morris, W. (1975) **Dagbækur úr Íslandsferðum 1871-1873**, Reykjavík: Mál og Menning.

Rousseau, J. J. (1754) **A Dissertation On the Origin and Foundation of The Inequality of Mankind**,
<http://marxists.org/reference/subject/economics/rousseau/inequality/index.htm>

Rousseau, J. J. (1762) **Samfélagssáttmálann**,
<http://marxists.org/reference/subject/economics/rousseau/social-contract/index.htm>

Ruskin, J. (1860) **Unto this Last**, <http://homepage.newschool.edu/het/>

Sveinn Skorri Höskuldsson (1993) **Benedikt á Auðnum; Íslenskur endurreisnarmaður**, Reykjavík: Mál og Menning.